

10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í 1858.
 norður- og austur-umdæminu, um umboðslaun 7. maí.
 R. M. Ólsens.

Þér hafið, herra amtmaður, sent oss með bréfi yðru 18. desember í fyrra beiðni frá R. M. Ólsen, umboðsmanni Þingeyra klausturs jarða, er hann biður, að sèr mætti veitast óskerð umboðslaun þau hin vanalegu, meðan hann er settur frá að reka umboðið fyrir sakir landaþrætu mill hans og klaustursins. Þessu svörum vèr á þá leið, sjálfum yður til eptirsjónar, en Ólsen til auglýsingar, að honum geti eigi veizt þessi bæn sín, heldur verði svo að standa, sem segir í bréfi dómsmálastjórnarinnar 22. apríl 1856.

11. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í 11. maí.
 norður- og austur-umdæminu, um ferðakaup læknis.

Þér hafið, herra amtmaður, í bréfi 25. október í fyrra sent oss bónarbréf frá Jóni Finsen, héraðslækni í Eyjafjarðar og Þingeyjar sýslu, og kvartar hann í því yfir, að amtmaður hafi fært niður reikning sinn, er hann hafi sent honum yfir ferðakostnað og fæðispeninga á ferð þeirri, er hann gjörði að tilhlutun amtmanns um vetrinn 1857, til að rannsaka hörundskvilla á nokkrum sauðum í Eyjafirði. Þá hafið þér skýrt oss frá, að héraðslæknirinn hafi sett upp 3 rd. í fæðispeninga dag hvern, en þér hafið eigi viljað gefa honum nema að eins 1 rd., eptir því sem segir í kanselíbréfi 25. sept. 1845, og þar sem hann hafi sett upp 1 dal í hestlán daglega, þá hafi þér gefið honum að eins 40 sk., er sè hin dýrasta hestleiga, þá er hesti er riðið í almennings þarfir; og síðan hafi þér skotið því til úrræða vorra, hvort borga skuli Finsen lækni reikning hans eður eigi.

Vèr látum yður því vita, herra amtmaður, sjálfum yður til eptirsjónar, til frekari auglýsingar og nauðsynlegrar fram-

1858.
11. maí. kvæmdar, að með því að Finsen lækni varð eigi gjört að embættiskyldu að fara ferð þá, er hér ræðir um, þá geta eigi fyrir-mæli kanselibréfs 25. sept. 1845 átt hér heima; má og því eigi synja honum borgunar þeirrar, er hann hefir upp setta, fyrst eigi var samið við hann um ferðakaup fyrir fram, fyrst það var eigi embættisskylda hans að takast ferðina á hendur, með því og að borgun þessi er í sjálfu sér eigi of mikil, að því er þér sjálfur segið.

12. maí. **12. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminu, um byggíngarnefndina á Akureyri.**

Þér hafið, herra amtmaður, ritað oss bréf 16. nóvember í fyrra, og sent oss með því til úrskurðar eptirrit eptir bónarbréfi frá byggíngarnefnd þeirri, er sett var á Akureyri með opnu bréfi 6. janúar 1857. Í bónarbréfi þessu skýrir nefndin frá, að henni virðist æskilegt og nauðsynlegt, að taka mætti skika nokkurn af lóð þeirri, er fyrrum hafði þar mæld verið handa sölubúð Guðmanns kaupmanns, en er hann hefir eigi notað og eigi þarf á að halda, og fenginn til handa verzlunarstjóra Örms & Wulfs til að reisa þar á lítið hús; síðan biður nefndin oss að leggja á það úrskurð vorn, hvort hún eigi vald á að taka lóðarskikann, ef Guðmann kaupmaður syni, og enn, hvort hún hafi hin sömu ráð, ef lík efni bera optar að höndum.

Vér látum yður því, herra amtmaður, vita, sjálfum yður til leiðbeiningar og til frekari auglýsingar, að það má virðast í sjálfu sér auðsætt, að byggíngarnefndin hafi ekki vald á að af-einka manni eign hans til handa einstökum manni, enda leiðir það og af ákvæðum 5. gr. A. í opnu bréfi 6. janúar 1857.